

Borgarráð
16. ágúst 2018

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að færa Félagsbústaði aftur undir A-hluta

Félagsbústaðir eru fyrirtæki undir B-hluta borgarinnar. Vandí Félagsbústaða er mikill og fyrir liggur tillaga Flokks fólksins að óháður aðili geri fjölþætta úttekt á fyrirtækinu. Fjölmargar kvartanir liggja fyrir um m.a. skort á viðhaldi eigna, ofurhárrar leigu og margt fleira sem snýr að stjórnun, rekstri og launamálum. Það er mat Flokks fólksins að það sé eitthvað mikið að hjá Félagsbústöðum og er lagt til að borgin hefji þá vinnu að skoða með raunhæfum hætti hvort færa eigi þetta fyrirtæki aftur undir A-hluta borgarinnar undir skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til að reyna að gera borgina heildstætt kerfi í stað sundurlausra eininga sem jafnvel stríða innbyrðis.